

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, MAÍ, 1905.

NR. 5.

E f a m á l.

Ef hann veit hvað loft dautt er latri
lífsprá mót táhreinum blænum,
því opnar hann ekki í snatri
einhverja smugu á bænum?

Og fyrst þar að mollunni mein er,
þó mókgefið fólk hana kjósi,
Og böll er hve birtingin sein er,
því bregður hann þá ekki' upp ljósi?

Og eigi hann flugsterkar fjaðrir
og framtak til gagnlegrar iðju,
því stendur hann allt eins og aðrir
í aðgerðaleysinu miðju?—

Svo öflugur er áлага dróminn
í aldanna harðsnúna þætting,
að vér þurfum ögn meira' en óminn
af innihaldsleysisins þvætting.

Um framþróun, menntun og menning
hann masar við skrifstofuborðið;—
vér héldum hann hýsti þá þrenning
í höfði, sem dýrt var svo orðið.

KRISTINN STEFÁNSSON.

